

Nd. 408. Frumvarp til laga [222. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Bragi Sigurjónsson.

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla íslenzkan landbúnað og treysta byggð í sveitum landsins, m. a. með því að styðja:

1. Aukna og fjölþættari ræktun og nýtingu uppskerunnar.
2. Byggingar og tæknibúnað í sveitum.
3. Hagkvæmt skipulag byggðar.

Lánveitingar og ríkisframlög eftir lögum þessum skulu vera í sem nánustu samræmi við eðlilegar þarfir landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

II. KAFLI

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Stofnfé deildarinnar er:

1. Eignir Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær verða, þegar lög þessi taka gildi.
2. Lán, sem ríkissjóður veitti Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði 1960, ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34.9 millj. kr.
3. Skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir deildinni til eignar, samtals að fjárhæð 9 millj. og 142 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Skuldabréf sex sveitarfélaga	kr. 4 087 000.00
— Veðdeildar Búnaðarbankans	— 3 000 000.00
— Bjargráðasjóðs	— 1 500 000.00
— Sölufélags garðyrkjumanna	— 564 000.00

4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 4 millj. kr.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins:
 - 1% árin 1971—1975
 - 0.75% árin 1976—1980
 - 0.50% árin 1981—1985
 - 0.25 árin 1986—1990Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.
3. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri upphæð og tekjur samkvæmt 2. tölulið.

4. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heilðsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árin 1981—1985 og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðar nefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundradshluta, sem segir í 1. málslíð þessa töluliðs. Gjald á vörum, sem ekki er verð á í verðlagsgrundvelli, skal miðað við áætlað verð til framleiðenda. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Landbúnaðarvörur, sem fluttar eru úr landi, eru undanþegnar gjaldi þessu, en að öðru leyti tekur það til allra vörutegunda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 38/1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, með síðari breytingum. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

5. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd á ákvæðum 2. og 4. töluliðs þessarar greinar.

5. gr.

Stofnlánadeildin tekur á sig allar skuldbindingar, sem við gildistöku laga þessara hvíla á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði.

6. gr.

Stofnlánadeildin veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum.
2. Til ræktunar, peningshúsa, geymsluhúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylraekt, loðdýrarækt, lax- og silungseldi, enn fremur til mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjöt- og grænmetisfrystihúsa, grænfóðurverksmiðja, viðgerðarstöðva landbúnaðarvéla, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til kaupa á búvélum og bústofni.

7. gr.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Framkvæmdir skulu metnar á kostnað lántaka, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Ef stjórn deildarinnar telur leika vafa á, hvort veita skuli lán, skal hún leita álits landnámsstjórnar eða Búnaðarfélagss Íslands. Um ákvörðun lána skal bankastjórnin hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánnum.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda séu þær í erfðaábúð, ella komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættar.

2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að myndaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m. a. fela í sér:

1. Hreppsnefndin hefur á hendi stjórn sjóðsins.
2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.
3. Búpeningurinn sé leigður frumbylingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t. d. er óhöpp hafa hent, er valda skepnumissi.
4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ. e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.
5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kvíga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeildinni, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

9. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár eftir því, til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera allt að 42 ár, ef húsin eru talin úr nægilega varanlegu efni. Ef lánað er til annarra nýrra bygginga og túnræktar, má lánstími vera allt að 25 ár, svo og til þeirra framkvæmda við ylækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar ákveðið í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu álitni stjórnar Seðlabanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, vexti af lánum Stofnlánadeildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efnahagsmál. Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en önnur lán deildarinnar.

11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildarinnar og greiðir þær, ef eignir og tekjur deildarinnar hrökkva ekki til.

12. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildarinnar að taka, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 300 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar nægir ekki til, að hún geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa.

Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, enda séu skuldabréf fyrir þeim lánnum með gengisákvæði.

13. gr.

Heimilt er bankastjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni, að verja árlega allt að 10 millj. kr. af fé Stofnlánadeildarinnar til kaupa á bankavaxtabréfum Veðdeildar Búnaðarbankans, enda sé það auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar.

14. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingarnefndum og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggja vottorð frá landnámsstjórn um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhús sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíð þess.

15. gr.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

16. gr.

Ef landnámsstjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Stofnlánadeild sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert.

17. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Stofnlánadeildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi bankans.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru Stofnlánadeildinni.

18. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

19. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeildinni, og skal stjórn deildarinnar gera aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

20. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

21. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar með sama hætti og annarra deilda bankans. Ákveða bankastjórar allar lánveitingar deildarinnar, enda liggi fyrir umsögn landnámsstjórnar og Byggingastofnunar landbúnaðarins hvað byggingar snertir.

22. gr.

Þar sem í lögum um Búnaðarbanka Íslands og öðrum lögum eru ákvæði, er varða Ræktunarsjóð Íslands eða Byggingarsjóð sveitabæja, skulu þau ákvæði eftir gildistöku þessara laga eiga við Stofnlánadeild landbúnaðarins, nema í bága fari við þessi lög.

23. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. janúar 1971 til 1. janúar 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt á lánum, er nemi 10% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

24. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

III. KAFLI

Um stjórn landnámsmála.

25. gr.

Landnámsstjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sam-einuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðar-ráðherra skipar formann landnámsstjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Landnámsstjórn ræður framkvæmdastjóra, með samþykki landbúnaðarráðherra, er nefnist landnámsstjóri. Hann skal hafa háskólapróf í búfræði. Stofnun sú, er landnámsstjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins. Landnámsstjórn ræður annað fastráðið starfsfólk. Launakjör skulu ákveðin í kjarasamningum opinberra starfsmanna.

26. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um framkvæmdir á vegum landnámsstjórnar. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með framkvæmdum, sem landnámsstjórn hefur ákveðið.

27. gr.

Í hverri sýslu skal vera landnámsnefnd skipuð þrem mönnum. Tveir nefndarmanna skulu kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af landnámsstjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kjörtímabil landnámsnefndar er 4 ár.

Nefndin skal vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um framkvæmd þessara laga.

IV. KAFLI

Um verkswið Landnáms ríkisins.

28. gr.

Verkefni Landnáms ríkisins eru m. a.:

- a. Skipulagning byggðar í sveitum landsins.
- b. Að halda jarðaskrá yfir allar jarðir.
- c. Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum.
- d. Að annast eða fylgjast með:
 1. Ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða.
 2. Félagsræktun.
 3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða.
 4. Stofnun grænifóðurverksmiðja.
 5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt þessum lögum.

29. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera uppdrætti af sveitum landsins, þar sem fram komi landamerki einstakra jarða og flokkun lands þeirra eftir notagildi til ræktunar og beitar.

Hann skal gera tillögur um skipulag byggðarinnar og leita umsagnar viðkomandi hreppsnefnda, landnámsnefnda, Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins. Sé þar leitast við að meta afkomuöryggi og framtíðarmöguleika þeirra jarða, sem fyrir eru í sveitinni, og sveitarfélagsins í heild og þá um leið, hvort ná megi meiri hagkvæmni með samruna jarða, endurbyggingu eyðijarða, stofnun nýbýla eða með því að stuðla að félagsræktun til afnota fyrir fleiri eða færri býli.

V. KAFLI

Um byggðahverfi.

30. gr.

Byggðahverfi nefnast í lögum þessum minnst þrjú býli, sem reist eru á landi í eigu ríkisins eða bæjar- og sveitarfélaga.

31. gr.

Byggðahverfi þau, sem þegar hefur verið stofnað til eða stofnuð kunna að verða, skulu falla undir þá skipulagningu, sem 29. gr. gerir ráð fyrir, en að öðru leyti fer um framkvæmdir í byggðahverfum svo sem fram er tekið í lögum þessum.

32. gr.

Býli, sem reist kunna að verða í byggðahverfum, skulu leigð, áður en framkvæmdir hefjast. Landnámsstjórn skal samþykkja ábúanda og gefa út byggingabréf, þegar viðkomandi býli er byggingarhæft samkvæmt ábúðarlögum, nr. 36 29. marz 1961.

33. gr.

Bóndi, sem fær ábúð á jörð í byggðahverfi, samkvæmt 32. gr., skal í byrjun gera áætlun um röð framkvæmda í samráði við Landnám ríkisins og Byggingastofnun landbúnaðarins.

34. gr.

Landnámsstjórn er skylt að fylgjast með því, hversu vel jarðir í byggðahverfum eru setnar og hversu lög og reglur eru haldnar. Vanræki ábúandi skyldur sínar, getur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu og landnámsstjórn vikið honum þaðan.

35. gr.

Ef ábúandi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar samkvæmt 34. gr., eða vegna vanefnda á ábúðarlögum, svo að útbyggingu varðar, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins taka við býlinu og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í það lagt, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

36. gr.

Nú losnar býli í byggðahverfi úr ábúð samkvæmt því, er segir í 35. gr., eða á annan hátt, og skal þá landnámsstjórn taka ákvörðun um, hvort býlið skuli að nýju byggt eða sameinað öðrum býlum í byggðahverfinu.

37. gr.

Heimilt er Landnámi ríkisins að rækta eða láta rækta land, sem það hefur umráð yfir, ef ástæða þykir til að dómi landnámsstjórnar.

VI. KAFLI

Um nýbýli utan byggðahverfa.

38. gr.

Nýbýli kallast í lögum þessum hvert það nýtt býli, sem stofnað er til almennrar búvöruframleiðslu, ylræktar, garðræktar eða fiskræktar, eða til smáiðnaðar og þjónustu, sem tengd er landbúnaði.

39. gr.

Umsóknir um stofnun nýbýla skulu sendar landnámsstjóra ásamt þeim gögnum, sem krafizt er. Skal þar koma fram, að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi, svo sem við á. Ef um er að ræða býli, sem stofna skal til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miðað við, að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha. Þó er landnámsstjórn heimilt að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma t. d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar. Stofnun býlisins skal og því aðeins heimiluð, að þar með sé ekki raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða að mati landnámsstjórnar. Um landstærð við stofnun nýbýla af öðru tagi, sbr. 38. gr., skal fara eftir reglum, er landnámsstjórn setur. Umsóknnum skulu fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar og landnámsnefndar.

Landnámsstjóri leggur umsóknir fyrir landnámsstjórn.

40. gr.

Þegar landnámsstjórn hefur samþykkt stofnun nýbýlis, skal stofnandi gera áætlun um röð framkvæmda, og geta þá nýbýlin notið framlaga og fyrirgreiðslu, eins og nánar er greint í lögum þessum, eftir því sem framkvæmdum miðar áfram.

Verði vanefndir af hálfu þeirra, er framlaga njóta til nýbýla, svo sem ef mannvirki eða býlin öll eru notuð til starfsemi, sem óskyld er landbúnaði, getur landnámsstjórn krafizt endurgreiðslu á ríkisframlögum með 7% vöxtum frá greiðsludegi.

41. gr.

Nýbýli, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, sbr. 38. og 39. gr., og byggð úr landi einstaklinga, njóta því aðeins réttinda, að allt land býlanna sé laust úr veðböndum og að stofnendur hafi annaðhvort eignarumráð eða erfðafestu á landinu.

VII. KAFLI

Um ábúð, sameiningu jarða, endurbyggingu eyðijarða og ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði.

42. gr.

Landnámsstjórn lætur árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið og fylgist þannig með ábúð allra lögbýlisjarða. Eigendum eða ábúendum jarða, sbr. skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 36/1961, 1., 2. og 3. gr., ber að láta í té upplýsingar, er landnámsstjórn óskar eftir, varðandi ábúendur og jörðina sjálfa, svo að unnt sé að gera þær athuganir, sem þurfa þykir, áður en jörð er seld eða breytingar verða á ábúð.

Landnámsstjórn setur reglur um öflun gagna, og er ráðunautum, oddvitum og öðrum, sem til er leitað, skylt að gefa upplýsingar.

43. gr.

Ef lögbýlisjörð er í eyði eitt ár eða meira, telst hún eyðijörð, enda þótt nágrannar eða aðrir nytji jörðina til slægna og beitar, nema þeir eigi þar lögheimili.

44. gr.

Samþykki landnámsstjórnar þarf til þess, að eyðijörð, sem endurbyggð er, geti notið framlaga og lána samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnnum ber að fullvissa sig um, áður en tekin er afstaða til forkaupsréttar, hvort landnámsstjórn hefur fjallað um málið.

Umsóknir um endurbyggingu eyðijarðar sendist til landnámsstjórnar.

45. gr.

Nú losnar jörð úr ábúð, og skal þá landnámsstjórn í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórn meta, hvort hún hafi þau búrekstrarskilyrði, að æskilegt sé, að hún byggist að nýju, eða rétt sé að veita aðstoð í því skyni, að hún verði sameinuð nágrannajörð eða hlutar úr henni sameinaðir nágrannajörðum.

Heimilt er landnámsstjórn að veita sérstök framlög til þess að tryggja ábúð jarða í þeim tilvikum, að hætta sé á, að þær leggist í eyði, enda séu þar framtíðarskilyrði til búrekstrar eða búseta á þeim að öðru leyti þýðingarmikil fyrir byggðina.

Ákvarðanir um það, er að framan greinir, skal taka í samræmi við ákvæði 29. gr.

Landnámsstjórn ber að taka afstöðu til erinda og ábendinga, er grein þessa varða, svo fljótt sem ástæður leyfa og einnig að hafa frumkvæði að því að bjóða þá fyrirgreiðslu, sem heimiluð er í lögum þessum.

46. gr.

Heimilt er landnámsstjórn að kaupa einstakar jarðir eða jarðarhluta, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja ábúð jarða. Þessa heimild skal þó því aðeins nota, að öll stjórnin sé sammála, enda verði gert ráð fyrir, að jarðir séu auglýstar til sölu og ábúðar og seldar aftur einstaklingum eða sveitarfélögum á kostnaðarverði.

47. gr.

Áður en landnámsstjórn tekur ákvörðun um fyrirgreiðslu og framlög til viðfangsefna í þessum kafla, skal landnámsstjóri leggja fyrir stjórnina tillögur um, í hvaða formi aðstoð skuli veitt í hverju tilviki, að svo miklu leyti sem ekki er tekið fram í þessum lögum, enda hafi viðkomandi aðilar veitt allar upplýsingar, er landnámsstjóri hefur óskað eftir.

48. gr.

Pegar Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu eða frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt þessum lögum.

VIII. KAFLI

Um félagsbúskap og félagsræktun.

49. gr.

Tveir eða fleiri bændur geta stofnað til félagsbúskapar á einni eða fleiri jörðum, og er það formlega viðurkennt af Landnámi ríkisins, hafi þeir ábúð á jörðunum samkvæmt ábúðarlögum, búskap að aðalatvinnu og hver þátttakandi eigi minna en $\frac{3}{4}$ af meðalbúi (vísitölubúi), eins og það er hverju sinni. Landnámsstjóri getur þó vikið frá þessum ákvæðum, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Aðilar skulu gera með sér samning og láta þinglýsa, eftir að hann hefur verið viðurkenndur af Landnámi ríkisins.

50. gr.

Um hvern, sem stofnar til félagsbúskapar skv. 49. gr., gilda tilsvareandi ákvæði og um stofnun nýbýla skv. VI. kafla, svo og um framlög og fyrirgreiðslu Landnáms ríkisins.

51. gr.

Félagsræktun geta bændur eða félagssamtök þeirra stofnað á tilsvareandi hátt og félagsbúskap. Í samningum á milli aðila skal skýrt tekið fram um skiptingu kostnaðar og afnotarétt ræktunar. Enn fremur þarf að taka fram um eignar- eða leiguafnot landsins.

Landnámsstjórn setur nánari reglur og ákvæði, ef ástæða er til, varðandi það, er um ræðir í þessum kafla.

IX. KAFLI

Um endurræktun og ræktun einærra fóðurjurta.

52. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til endurræktunar á eldri túnnum eða nýræktun, þar sem nytjagrös hafa eyðzt af völdum kals eða af öðrum orsökum og annaðhvort enginn eða nytjalitill gróður komið í staðinn. Bændur skulu jafnan hafa samráð við héraðsráðunauta eða Landnám ríkisins, ef vafi getur leikið á um endurræktun. Sérstaklega ber að athuga, hvort framræsla er ófullnægjandi, enda fari þá fram endurræsla landsins, áður en endurvinnsla er gerð.

53. gr.

Landnám ríkisins veitir á árunum 1972—1976 framlög til ræktunar á einærum fóðurjurtum, svo sem nánar er greint í XI. kafla, um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

Til þess að einær ræktun geti notið framlags, þarf allur undirbúningur og framkvæmd, svo sem jarðvinnsla, val útsæðis, sáðtími og áburðarmagn að miða að því, að góð uppskera fái st. Ber ráðunaut að fullvissa sig um, að viðunandi árangur hafi náðst, áður en úttekt fer fram.

X. KAFLI

Um varmaveitu á sveitabýlum, notkun jarðhita til heypurrkunar, grænifóðurverksmiðju o. fl.

54. gr.

Landnámsstjórn er heimilt að veita framlag til varmaveitu á sveitabæjum, enda bendi undirbúningsrannsóknir og kostnaðaráætlun til, að fjárfesting í þessu skyni sé hagkvæm. Eigi skal þó veita framlög til býla, sem hafa aðstöðu til að tengjast varmaveitum í þéttbýli með sömu kjörum og aðrir innan viðkomandi svæðis.

55. gr.

Heimilt er að veita framlög til sveitabýla til að hagnýta jarðvarma til heypurrkunar, hvort sem er úr eigin orkulindum eða samveitum. Landnámsstjórn ákveður í hverju tilviki upphæð framlaga innan þeirra marka, er lögin heimila.

56. gr.

Landnámsstjórn skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænifóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

Áætlun þessi skal lögð fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun um stofnun og staðarval, svo og um skipun stjórnar. Hver verksmiðja skal hafa 3 manna stjórn. Tveir skulu vera úr heimabyggð, en landnámsstjóri eða fulltrúi hans þriðji maður og sé hann formaður.

57. gr.

Eftir að ákveðið er að koma upp grænifóðurverksmiðju samkvæmt 56. gr., lætur landnámsstjóri gera framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og leggur þær fyrir landnámsstjórn.

Landnámsstjóri hefur umsjón með framkvæmdum.

58. gr.

Þegar grænifóðurverksmiðja er fullgerð og tilbúin að hefja vinnslu, tekur viðkomandi stjórn við verksmiðjunni, ræður starfsfólk og hefur umsjón með rekstrinum. Skrifstofa Landnáms ríkisins aðstoðar við bókhald og annast uppgjör reikninga.

59. gr.

Hver grænifóðurverksmiðja skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og að því stefnt, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal afskriftum og vöxtum af fjármagnskostnaði, og að framleiðslan verði samkeppnisfær um verð og gæði miðað við annað fóður.

60. gr.

Heimilt er, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að greiða stofnframlög til grænifóðurverksmiðja, sem byggðar eru af félagssamtökum bænda, enda falli slíkar verksmiðjur undir ákvæði 1. málsgr. 56. gr.

61. gr.

Grænifóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, í Gunnars-holti og á Hvolsvelli, falla undir lög þessi.

XI. KAFLI

Um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

62. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til framkvæmda, sem taldar eru í þessari grein:

1. Til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis, smábýla, garðyrkjubýla og enn fremur til endurbygginga á eldri íbúðarhúsum.
Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00 og 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss, þó aldrei yfir kr. 120 000.00.
2. Til sameiningar jarða, endurbyggingar eyðijarða og til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði, eru veitt framlög eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar.
3. Til byggingar á gróðurhúsum á garðyrkjubýlum allt að kr. 120.00 á fermetra í gróðurhúsum og enn fremur til endurnýjunar á gróðurhúsum, sem eru eldri en 15 ára.
4. Til nýræktar á jörðum í formlegri ábúð skv. ábúðarlögum, nr. 36/1961, og lögum nr. 102/1962, endurræktunar á túnnum og til grænfóðurræktar.
Á hvern hektara er heimilt að greiða allt að kr. 3000.00. Til endurræktunar á túnnum, vegna kals eða annarra skemmda, skal þó eigi veita framlag á sama land með styttra millibili en þrem árum.
5. Til varmaveitu á sveitabæjum og til heypurrkunar eftir ákvörðun landnámsstjórnar.
6. Til að stofnsetja grænfóðurverksmiðju, svo sem fé er veitt í fjárlögum til Landnámsins í þessu skyni.

63. gr.

Til þeirra viðfangsefna, sem upp eru talin í 62. gr., og til rekstrarkostnaðar Landnámsins skal veita fé á fjárlögum í samræmi við sundurliðaða áætlun landnámsstjórnar, í fyrsta sinn árið 1972 og þá eigi minna en 53.3 milljónir króna. Þar af sé eigi minna en 7.5 millj. kr. til stofnunar grænfóðurverksmiðju.

Heimilt er landnámsstjóra, í samræði við landbúnaðarráðherra, að flytja upphæðir á milli liða, eftir verkefnum.

XII. KAFLI

Um Byggingastofnun landbúnaðarins.

64. gr.

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

65. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðgjafanefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.

66. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með búaðknimenntun.

67. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðinga til rannsókna, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Kostnaður við byggingarannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

68. gr.

Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru:

- a. Að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykki uppdrætti.
- b. Að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra.
- c. Að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita.
- d. Að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa.
- e. Að vinna í samráði við Landnám ríkisins að skipulagi skv. 28. grein.
- f. Að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu.
- g. Að setja byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við viðkomandi sýslunefndir, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945.

69. gr.

Byggingastofnun landbúnaðarins skal heimilt að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi, með samþykki stjórnar Stofnlánadeildar.

Það fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, skal renna í sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð gripahúsa og fyrirkomulag þeirra.

Sjóður þessi skal vera undir stjórn Búnaðarbanka Íslands, en styrkveitingar séu háðar samþykki forstöðumanns Byggingastofnunarinnar.

70. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, og skal hann vera arkitekt eða með hliðstæða menntun. Hann skal annast stjórn stofnunarinnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og landnámsstjórn.

Forstöðumaður ræður aðstoðarmenn að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

71. gr.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

XIII. KAFLI

Um viðhaldsskyldu o. fl.

72. gr.

Landnámsstjórn skal halda spjaldskrá yfir öll býli, er njóta framlaga samkvæmt lögum þessum, þar sem tilgreindar eru sem nákvæmastar upplýsingar um hvert býli, svo sem um óafturkræf framlög, lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og annað, er máli skiptir.

Þá ber landnámsstjórn að gera yfirlitsskýrslu, eftir því sem ástæða er til og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

73. gr.

Skýlt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnlánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Byggingafulltrúar skulu fylgjast með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, og tilkynna stjórn deildarinnar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Getur þá stjórnin gert viðeigandi ráðstafanir.

74. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða á fasteign, sem veðbundin er Stofnlánadeild, skal deildin hafa forkaupsrétt, nema um erfðaskipti sé að ræða, að svo miklu leyti sem það samrýmist lögum um kauprétt á jörðum, nr. 40/1948.

Ef Stofnlánadeild eða sveitarstjórn kaupir jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvara kaupverðinu.

XIV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

75. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga.

76. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

77. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

78. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971.

79. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, lög nr. 48 16. apríl 1963, lög nr. 31 25. apríl 1964, lög nr. 44 2. maí 1968, lög nr. 65 12. maí 1970 og lög nr. 104 28. des. 1970, um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Hinn 14. okt. 1969 skipaði landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd til þess að endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl., með hliðsjón af þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi hinn 17. maí 1969. Í nefndina voru skipaðir þeir Árni Jónsson, landnámsstjóri, Bragi Sigurjónsson, alþingismaður, Jónas Jónsson, ráðunautur, Vilhjálmur Hjálmarsson, alþingismaður, og Pálmi Jónsson, alþingismaður, sem jafnframt var skipaður formaður.

Nefndin hóf störf hinn 20. október 1969 og hefur síðan haldið fjölmarga fundi, auk margháttaðra athugana utan formlegra funda. Frumvarpið er samið af nefndinni. Segja má, að flestir kaflar þess séu ýmist algert nýsmíði eða í meginráttum samdir upp, frá því sem er í gildandi lögum. II. kafla frumvarpsins er þó að mestu óbreyttur, þótt ýmsar minni háttar breytingar séu gerðar frá því, sem nú gildir.

Innan nefndarinnar var hreyft skoðunum um, að eðlilegt væri að gera meiri skipulagsbreytingar en fram koma í frumvarpinu á þeim hluta landbúnaðarlöggjafarinnar, sem skarar það svið, er lagafrumvarp þetta nær yfir. Samstaða varð þó eigi um að taka inn í það fleiri þætti en hér er gert.

Með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 27. apríl 1962 voru felld undir ein lög starfssvið Stofnlánasjóða landbúnaðarins og Landnáms ríkisins, og þar með Teiknistofu landbúnaðarins. Síðan hefur lögunum verið breytt sex sinnum, en þó oftast varðandi ákvæði, sem snerta einstaka fjármagnsliði. Sá hluti laganna, sem fjallar um Landnám ríkisins, er miklu eldri og sækir meginstofn sinn í lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 29. apríl 1946 og lög um Landnám ríkisins frá 27. júní 1941. Áður höfðu þó verið sett lög, sem lutu að skyldum verkefnum og líta má á sem undanfara ýmissa lagaákvæða um Landnám ríkisins, en það eru lög um byggingar- og landnámssjóð frá 7. maí 1928 og lög um nýbýli og samvinnubýggðir frá 1. febr. 1936. Mikið af efni og stefnumiðum gildandi lagaákvæða um Landnám ríkisins eru því um og yfir aldarfjórðungsgömum og því eðlilegt, að breytingar verði allmiklar við endurskoðun.

Helztu breytingar og nýmæli:

Frumvarpið felur í sér margar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Eru þessar helztar:

1. Horfið er frá því stefnumiði að skipta og fjölga bújörðum í landinu.
2. Landnámi ríkisins falið frumkvæði til áhrifa á hagfellda þróun byggðar í sveitum, m. a. með:
 - a) Tillögugerð í samráði við aðra aðila um hagkvæmt skipulag byggðar.
 - b) Heimild til að veita framlög til sameiningar jarða.
 - c) Heimild til að synja um framlög og lán til endurbyggingar á eyðijörðum, teljist það treysta byggðina betur að ráðstafa þeim á annan hátt, t. d. sameina þær nágrannajörðum.
 - d) Ráðstöfunarrétti yfir býlum, sem losna úr ábúð í byggðahverfum.
 - e) Heimild til að veita sérstök framlög til að treysta búsetu á jörðum, sem þýðingarmikið telst að halda í byggð.
3. Landnám ríkisins hættir að rækta ákveðna túnstærð fyrir hvert býli í byggðahverfum og að öðru leyti leggja þar í beinan kostnað við framkvæmdir, utan þess, sem samningar segja fyrir um, við gildistöku þessara laga. Til þessara framkvæmda fór um skeið verulegur hluti af ráðstöfunarfé Landnámsins.
4. Auknar eru mjög þær kröfur, sem gerðar eru um landstærð o. fl., til þess að stofnun nýbýlis fáist viðurkennd. Stofnun nýbýla ekki lengur einn höfuðþátturinn í tilgangi laganna. Fafni stjórnar Landnáms ríkisins breytt í samræmi við það í landnámsstjórn.
5. Færðar í lög reglur, sem fara þarf að við stofnun félagsbúa og félagsræktunar, svo að viðurkennd verði sem hæf til að njóta framlaga og lána eftir lögum þessum.
6. Tekin upp framlög til endurræktunar kalinna og skemmdra túna, og einnig tímabundið til grænófóðurræktar. Ber að líta á það sem viðbrögð við áhrifum af hinu kólnandi veðurfari síðustu ára.
7. Landnámi ríkisins heimilað að veita framlög til aðstoðar við nýtingu jarðvarma á sveitabæjum.
8. Tekin í lög ákvæði um grænófóðurverksmiðjur. Áætlað að veita eigi minna en 7.5 millj. kr. árlega til stofnunar þeirra á næstu árum. Grænófóðurverksmiðjur í Gunnarsholti og á Hvolsvelli felldar undir þessi ákvæði. Með þessu er meðal annars stefnt að aukinni og bættri innlendri fóðuröflun, sem spari innflutning kjarnfóðurs.
9. Greidd verði eftir þessum lögum framlög á alla nýrækt, án tillits til stærðar ræktunarlands hjá hverjum bónda.
10. Hækkuð verði framlög eftir þessum lögum til nýbyggingar og endurbyggingar á íbúðarhúsum og gróðurhúsum.
11. Hækkað verði framlag ríkissjóðs til Landnáms ríkisins í samræmi við breytt verðlag og ný verksvið.

12. Starfssvið Teiknistofu landbúnaðarins verði víkkað og nái m. a. til þess að gera áætlanir og skipulagsupprætti fyrir byggingar á sveitabýlum og að vera ráðgefandi aðili á sviði fjárfestingar í sveitum. Nafni Teiknistofunnar breytt í samræmi við það í Byggingastofnun landbúnaðarins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. KAFLA

Um 1. gr.

Í þessari grein eru mörkuð þau megin stefnumið, sem frumvarpið er byggt á, og breytingar frá gildandi lögum í samræmi við það. Kemur hér þegar fram, að ekki telst lengur sjálfsagt mál, að efla verði byggð í sveitum með fjölgun nýbýla, heldur að leitast verði við að treysta þá byggð, sem nú er, og vinna að sem hagfelldastri þróun hennar. Þá er og horfið frá því að stefna að sérstökum aðgerðum til stækkunar túna á hinum minni jörðum og bændur allir gerðir jafnir fyrir lögunum, hvað þetta snertir. Efni greinarinnar er síðan útfært í hinum seinni köflum frumvarpsins.

Um II. KAFLA

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum nr. 75/1962, nema niður er felldur 4. töluliður, sem virðist óþarfur.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 6. gr.

Greinin er gerð nokkru skýrari í orðalagi, auk þess sem upp eru teknir nýir þættir, sem eðlilegt virðist að Stofnlánadeildin veiti stofnlán til. Niður eru felldir aðrir, sem hljóta stofnlán úr öðrum sjóðum.

Um 7. gr.

Um efnisbreytingu er naumast að ræða frá því, sem er í 7. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar nokkrar.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að í stað „vermirækt“ kemur: ylrækt.

Um 10.—13. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar.

Um 14. gr.

Eina efnisbreytingin, sem fram kemur í greininni, er, að sett er sem skilyrði fyrir því, að lánað sé til endurbyggingar íbúðarhúsa, að fengizt hafi samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 16. gr.

Hér er engin efnisbreyting, aðeins „landnámsstjórn“ í stað: nýbýlastjórn.

Um 17.—20. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega nær óbreytt. Þó er kveðið á um, að umsagnir landnámsstjórnar og Byggingastofnunar landbúnaðarins liggi fyrir, áður en lán eru veitt til bygginga.

Um 22. gr.

2. málsgr. 22. gr. gildandi laga er felld niður.

Um 23. og 24. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar.

Um III. KAFLA

Um 25. gr.

Greinin felur í sér ákvæði 24. og 26. gr. laga nr. 75/1962. Teknar eru upp kröfur um menntun landnámsstjóra. Einnig að laun fastráðins starfsfólks Landnámsins séu ákveðin í kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Um 26. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Efni hennar er sótt í 25. gr. laga nr. 75/1962.

Um 27. gr.

Grein þessi felur ekki í sér efnisbreytingar. Er í höfuðdráttum samhljóða 35. gr. laga nr. 75/1962.

Um IV. KAFLA

Um 28. gr.

Í grein þessari eru talin upp, undir stafliðum, þau höfuðverkefni, sem Landnámi ríkisins er ætlað að annast eða fylgjast með. Verkefni þessi eru öll nánar skilgreind í hinum ýmsu köflum frumvarpsins hér á eftir, og vísast til þess.

Um 29. gr.

Efni greinarinnar er að nokkru leyti sótt í 28. gr. laga nr. 75/1962. Svo er um gerð uppdráttar af sveitum landsins, sem skoðast verður framtíðarverkefni og verður eigi unnið í einni svipan, heldur smám saman, eftir því sem til vinnst.

Að öðru leyti er hér mörkuð ný stefna. Landnámi ríkisins er falið frumkvæði við að meta og gera tillögur um, að fenginni umsögn nokkurra aðila, á hvern hátt ná megi mestri hagkvæmni í uppbyggingu eða hagræðingu byggðar í hverju byggðarlagi, með það fyrir augum, að húseta verði sem traustust og lífsskilyrði bænda sem tryggust. Í nokkrum síðari greinum frumvarpsins er Landnámi ríkisins fengið í hendur ákvörðunarvald, sem því er ætlað að nota til þess að hafa áhrif á, að farið sé að þeim tillögum, sem gerðar skulu samkvæmt því, er þessi grein segir.

Um V. KAFLA

Um 30. gr.

Greinin er skilgreining á því, hvað sé byggðahverfi. Hún þarfnast ekki skýringar.

Um 31. gr.

Hér er auðvitað ekki átt við, að byggðahverfum skuli umsteypt til þess að fullnægja markmiðum, sem fram koma í 29. gr. Hins vegar sé fullt tillit tekið til þeirra markmiða, ef stofnuð verða ný byggðahverfi og eins ef býli í byggðahverfum losna úr ábúð, þá séu þau byggð að nýju eða ráðstafað á annan hátt með hliðsjón af þeim tillögum, sem gerðar hafa verið samkvæmt 29. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um, að Landnám ríkisins skuli rækta 25 ha. fyrir hvert býli í byggðahverfi. Auk þess sjái Landnámið um, að reist séu nauðsynleg hús og önnur mannvirki við hæfi þess búrekstrar, sem fyrirhugaður er. Frá þessu er hér með horfið, að öðru leyti en því, sem samningar hafa verið gerðir um við gildistöku þessa frumvarps, ef að lögum verður. Er þar með lagt til, að býli í byggðahverfum njóti eigi lengur sérstakrar aðstoðar við framkvæmdir eftir lögum þessum umfram aðrar lögbýlisjarðir og bændur almennt gerðir jafnir fyrir lögnum, hvað þetta snertir.

Um 32. gr.

Í grein þessari er tekið upp, að landnámsstjórn skuli samþykkja ábúanda, áður en byggingarbréf er gefið út.

Um 33. gr.

Greinin felur í sér réttindi og jafnframt skyldur bónda, sem fær ábúð á jörð í byggðahverfi, í sambandi við áætlun um röð framkvæmda.

Um 34. gr.

Grein þessi er sótt í efni 42. gr. laga nr. 75/1962 og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Greinin er nálega samhljóða 43. gr. laga nr. 75/1962. Sé býlið byggt að nýju, verður að gera ráð fyrir því, að nýr ábúandi taki á sig skyldur Stofnlánadeildar í þessu efni.

Um 36. gr.

Sjá athugasemdir við 31. gr.

Um 37. gr.

Hér er um heimildir að ræða, sem eigi verður séð, hve mikið verða notaðar, enda er ekki sérstakt fjármagn til þess ætlað. Vélaeign Landnámsins hefur ekki verið endurnýjuð á síðustu árum og því nokkuð dregið saman. Til álita kom að taka upp í lög ákvæði um sameiningu vélakosts Landnáms ríkisins og Vélasjóðs. Að því var þó ekki horfið, þar sem yfir standa samningar um stofnun svonefndrar Véla- miðstöðvar ríkisins, þar sem ætlað er að sameina þungavinnuvélar þessara tveggja aðila og ýmissa annarra ríkisstofnana undir einn hatt.

Um VI. KAFLA

Um 38. gr.

Hér er um að ræða nýja skilgreiningu á því, sem kallað er nýbýli.

Um 39. gr.

Í grein þessari eru sett fram nokkur grundvallarskilyrði fyrir því, að stofnun nýbýla fái stöðugt viðurkennd. Eru kröfur þar að lútandi allmikið hertar frá ákvæðum

gildandi laga. Er lagt til, að stærð á ræktunarhæfu landi nýbýlis, sem stofna skal til venjulegrar búvöruframleiðslu, sé að jafnaði eigi minna en 100 ha., eigi býlið að fást viðurkennt. Þessi landstærð er 25 ha. í gildandi lögum. Þá er og lagt til, að stofnun nýbýla sé því aðeins viðurkennd, að þar með sé eigi raskað búrekstrar- aðstöðu nálægra jarða.

Tilgangurinn er sá, að nýbýli verði eigi stofnuð, nema þau bjóði upp á skilyrði til lífvænlegrar búrekstraraðstöðu og stofnun þeirra verði talin til hagsbóta fyrir byggðina í heild. Er það til samræmis við stefnumið 29. gr. Um aukna þörf fyrir landstærð á bújörðum, miðað við það, sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 75/1962, þarf naumast að ræða, hún er augljós.

Rétt þykir, að landnámsstjórn setji reglur um landstærð, sem fylgja ber við stofnun ýmissa tegunda af smábýlum.

Um 40. gr.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir, að framlög Landnáms ríkisins til nýbýla verði með öðrum hætti eða meiri til einstakra framkvæmda en á öðrum lögbýlisjörðum, sbr. athugasemdir við 31. gr.

Rétt þykir að veita nokkurt aðhald með því að heimila landnámsstjórn að krefjast endurgreiðslu, svo sem fyrir er mælt í greininni, ef býli eða mannvirki öll eru notuð til starfsemi, sem fjarskyld er landbúnaði eða því, sem framlögunum var ætlað að styðja.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VII. KAFLA

Um 42. gr.

Nauðsynlegt er, að Landnám ríkisins haldi jarðaskrá, svo sem greinin gerir ráð fyrir. Áríðandi er, að allar upplýsingar séu glöggar og berist fljótt, svo jarðaskrá sé sem öruggust.

Um 43. gr.

Greinin ákveður skilgreiningu eyðijarðar, eftir þessum lögum.

Um 44. gr.

Með grein þessari er landnámsstjórn fengið vald til þess að synja um lán og framlög eftir þessum lögum til endurbygginga á eyðijörðum, ef það telst byggðinni meiri styrkur að nýta þær með öðrum hætti. Þar með getur Landnámið haft nokkur áhrif á, að tekið sé tillit til þeirra áætlana, sem því er falið að gera um hagfellda þróun byggðar.

Um 45. gr.

Ekki ber að skilja 1. málsg. greinarinnar svo, að landnámsstjórn eigi að gripa inn í við ábúendaskipti á jörðum, þegar þau fara fram með eðlilegum hætti, en vera þó reiðubúin að gefa svör við því, hvort og í hvaða skyni landnámið mundi veita aðstoð, ef um fleiri en einn kost er að velja.

Með greininni er Landnámi ríkisins heimilað að veita sérstök framlög til þess að reyna að tryggja, að jarðir haldist í byggð í sérstökum tilvikum, sem þar um ræðir. Eru nokkuð sambærileg ákvæði í 53. gr. gildandi laga, nr. 75/1962. Augljóst er, að framkvæmd á slíkri opinni heimild er vandkvæðum bundin, svo að ekki verði gefin fordæmi, sem draga á eftir sér langan slóða umsókna hvaðanæva að. Mikil nauðsyn getur þó verið á því að hafa möguleika til að hlaupa þannig undir bagga í einstökum tilvikum.

Um 46. gr.

Grein þessi er lík að efni og 57. gr. laga nr. 75/1962. Með henni er Landnámi ríkisins fenginn í hendur enn einn þáttur til þess að hafa áhrif á hagkvæma þróun byggðar.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Efni greinarinnar er að mestu hið sama og 62. gr. laga nr. 75/1962. Sambærileg ákvæði eru í jarðræktarlögum.

Um VIII. KAFLA

Um 49. gr.

Með grein þessari er stefnt að því að færa í lög skilyrði, sem fullnægja þarf, svo að stofnun félagsbús hljóti viðurkenningu Landnáms ríkisins. Viðurkenningu Landnámsins á félagsbúi þarf t. d. til, að það verði skráð sem slíkt í jarðaskrá.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Í greininni er vikið að reglum, sem fara þarf að, þegar stofnað er til félagsræktunar. Ákvæði um félagsræktun eru nýmæli í lögum. Félagsræktun nýtur framlaga sem önnur nýrækt eftir lögum, þessum.

Um IX. KAFLA

Um 52. gr.

Eftir hin mörgu kalár á síðasta áratug hefur þörfin fyrir endurræktun túna farið mjög vaxandi. Í greininni er vikið að nokkrum atriðum, sem athuga þarf, ef ráðizt er í endurræktun. Enn fremur er kveðið á um, að Landnámið veiti framlög til endurræktunar túna, og er það nýmæli í lögum.

Um 53. gr.

Hið tímabundna framlag, sem rætt er um í greininni að veita til ræktunar á einærum fóðurjurtum, þ. e. grænfóðurræktar, ber að líta á sem sérstakan stuðning við þennan þátt ræktunar vegna hins kólnandi veðurfars síðustu ára. Rétt þykir að hafa um þetta efni tímabundið ákvæði og láta reynslu leiða í ljós mikilvægi þess, enda auðvelt að framlengja þetta ákvæði í lögum. Sé vel til grænfóðurræktar vandað og nægjanlega snemma sáð, hefur hún reynzt gefa góða uppskeru, þótt spretta sé léleg á tünnum vegna kulda, og hún hefur ekki sízt sannað gildi sitt, þegar uppskera hefur brugðizt af stórum hluta túna vegna kals, eins og oft hefur skeð á undanfórnum árum.

Um X. KAFLA

Um 54. gr.

Með greininni er stefnt að því að heimila landnámsstjórn að veita framlög til varmaveitna í sveitum. Hér er oft um kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, og mundi framlag Landnámsins þá hvort tveggja létta þær og hvetja til þeirra.

Um 55. gr.

Á þessu stigi verður eigi séð, hvort eða að hve miklu leyti heimild sú, er greinin fjallar um, verður notuð. Rannsóknir á þessu efni eru á frumstigi, en ekki að vita, hvað þær leiða í ljós í framtíðinni.

Um 56. gr.

Með grein þessari eru tekin upp ákvæði um grænfóðurverksmiðjur. Heitið grænfóðurverksmiðja er hér látið tákna hvers konar verksmiðjur, sem hraðþurrka gras eða grænfóður. Framleiðsla verksmiðjunnar í Gunnarsholti hefur til þessa gefið góða raun. Að því er stefnt með fjölgun grænfóðurverksmiðja, ásamt öðrum stuðningi við fóðuröflun, sem felst í þessu frumvarpi, að efla svo fóðurframleiðslu í landinu sjálfu, að komizt verði sem mest hjá hinum gífurlega innflutningi á erlendu fóðri, sem verið hefur hin síðustu ár.

Í greininni er vikið að fyrirkomulagi á stjórn grænfóðurverksmiðja, fjölda þeirra og staðarvali. Tvö síðustu atriðin, eða þau, sem um er fjallað í fyrri málsgreinarinnar, þurfa að nokkru að ákvarðast með hliðsjón af flutningaleiðum og fjarlægðum, því að erfitt er að bæta miklum flutningskostnaði á verð framleiðslunnar.

Um 57. gr.

Reiknað er með sem aðalreglu, að Landnám ríkisins leggi fram stofnfé til grænfóðurverksmiðja, þó að það sé ekki beint tekið fram. Er það í samræmi við fordæmi, sem orðið er í þessu efni.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Í greininni eru sett fram þau stefnuatriði, að verð á framleiðslu hveirrar grænfóðurverksmiðju skuli standa undir rekstri og fjármagnskostnaði, og jafnframt, að framleiðslan skuli samkeppnisfær um verð og gæði við annað fóður. Eigi eru í frumvarpinu ákvæði, sem lúta að því, hversu með skuli fara, ef verð framleiðslunnar þarf samkvæmt þessu að verða mishátt hjá einstökum verksmiðjum. Það atriði og ýmis önnur, sem upp kunna að koma, þurfa því að fara til ákvörðunar landnámsstjórnar og hún að setja um það reglur, e. t. v. með samþykki landbúnaðarráðherra.

Um 60. gr.

Greinin fjallar um þátttöku Landnáms ríkisins í kostnaði við stofnun grænfóðurverksmiðja, sem byggðar eru upp af öðrum aðilum. Gert er ráð fyrir, að slíkar verksmiðjur þurfi að falla að áætlun um fjölda og staðarval grænfóðurverksmiðja, samkvæmt 56. gr.

Um 61. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XI. KAFLA

Um 62. gr.

Greinin fjallar um framlög Landnáms ríkisins til einstakra framkvæmda.

1. Eftir gildandi lögum eru veittar 60 þús. kr. til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, og hefur svo verið frá 1964. Á sama tíma hefur byggingarvísitala hækkað um það bil um 150 stig. Lagt er til, að framlag þetta verði nú 120 þús. kr. Lán til íbúðarhúsa í sveitum eru nú 450 þús. kr. en lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins 600 þús. kr.

2. Undir þessum tölulíð eru fólgnar heimildir, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar, til fjárframlaga, sem miðast eiga við það að fylgja eftir þeirri stefnu frumvarpsins að styðja og stuðla að hagkvæmni í þróun byggðar.
3. Lagt er til að hækka framlög til byggingar gróðurhúsa úr 60 kr. á m² í 120 kr. á m², en áætlaður byggingarkostnaður gróðurhúsa er nú 2400 kr. á m².
4. Eftir gildandi lögum greiðir Landnám ríkisins allt að kr. 3000.00 á ha., mishátt eftir tegund ræktunarlands, þar til 25 ha. túnstærð er náð á hverju býli, en ekkert eftir að því marki er náð. Í byrjun var þetta mark 10 ha., síðan 15 ha. og síðast 25 ha., eins og fyrr er sagt. Ætlunin var að veita þeim býlum sérstakan stuðning, sem dregið höfðu aftur úr með ræktun, og flýta því, að lífvænlegri búskaparaðstöðu yrði náð. Í þessu hefur veruleg hjálp verið fólgin fyrir hina smærri bændur, hjálp, sem hefur borið verulegan árangur. Þetta hefur þó valdið vissum erfiðleikum í framkvæmd, og borið hefur á tilhneigingu til óeðlilegrar skiptingar á jörðum.
Sumir bændur hafa og sifellt verið rétt á undan stærðarmörkunum hverju sinni með ræktun sína og fyrir vikið einskis notið af þessu framlagi. Augljóst er, að kröfurnar til túnstærðar á meðalbýli halda áfram að aukast hér eftir sem hingað til.
Hér er því breytt um stefnu og lagt til, að allir bændur séu með jafnan rétt til þessa framlags, án tillits til túnstærðar. Sama framlag er og ætlað á hvern ha. í félagsræktun, svo og eftir þessum lögum við endurræktun túna og grænfóðurrækt.
Lagt er til, að framlag á hvern ha. verði óbreytt, eða allt að 3 þús. kr., en reikna má með, að fjárförf til þessa þáttar hækki um 4—5 millj. kr.
5. Til notkunar jarðvarma á sveitabæjum, sbr. athugasemdir við 54. gr. og 55. gr.
6. Lagt er til að leggja fram fé til stofnunar grænófóðurverksmiðja, svo sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, þó eigi minna en 7.5 millj. kr., sbr. 63. gr.

Um 63. gr.

Greinin fjallar um framlög ríkissjóðs til Landnáms ríkisins. Er þar lagt til, að til Landnámsins sé veitt fé á fjárlögum árlega í samræmi við áætlun, sem landnámsstjórn gerir, miðað við þau viðfangsefni, sem því eru fengin með frumvarpi þessu. Þá er lagt til, að í fjárlögum næsta árs, 1972, verði þessi fjárhæð eigi minni en 53.3 millj. kr., og er það byggt á áætlun, sem Landnám ríkisins hefur þegar gert.

Um XII. KAFLA

Um 64. gr.

Eins og lagt er til í síðari greinum þessa kafla, eru störf unnin á teiknistofu ekki lengur slíkt aðalatriði í starfi stofnunarinnar sem í gildandi lögum, heldur mun fjölþættari verkefni á sviði landbúnaðarbygginga. Er því lagt til, að nafni stofnunarinnar sé breytt í samræmi við það.

Um 65. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Meginatriði hennar er eins og í 69. gr. laga nr. 75/1962.

Um 66. gr.

Með grein þessari er reynt að velja þau starfssvið, þar sem eru menn, sem líklegir eru til að hafa þá þekkingu og reynslu, er verði starfsemi Byggingastofnunarinnar til styrktar. Rétt þykir og að kveða á um það, hver skuli vera formaður.

Um 67. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hún er að meginefni eins og 71. gr. laga nr. 75/1962.

Um 68. gr.

Hér eru dregin saman ákvæði um verksvið Byggingastofnunarinnar:

- a) Óbreytt frá gildandi lögum, að öðru leyti en því, að forstöðumaður skuli samþykkja teikningar.
- b) Útgáfa upplýsingarita getur, ef vel tekst til með efni, haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn.
- c) Hér er um verksvið að ræða, sem verið hefur aðalstarf stofnunarinnar og þarf að halda áfram, þótt öðrum sé bætt við.
- d) Ýmislegt, er fram kemur á sviði landbúnaðarbygginga erlendis, kann að geta hentað hér á landi, sé það aðlagð islenskum aðstæðum. Fátt af því á þó við óbreytt. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með á þessu sviði.
- e) Gert er ráð fyrir, að Byggingastofnunin vinni að skipulagstillögum, sem Landnámi ríkisins er ætlað að gera samkv. 28. gr.
- f) Mjög mikla þýðingu getur haft að vinna í samráði við bændur að skipulagningu fjárfestingar á einstökum jörðum og komast með því eftir föngum hjá óhagkvæmum og handahófskenndum framkvæmdum.
- g) Byggingafulltrúar hafa ekki til þessa verið tengdir lögum þessum á neinn hátt, þó að þeir starfi sem fulltrúar Búnaðarbankans og Byggingastofnunarinnar. Hér er lagt til, að þeim sé af stofnuninni sett erindisbréf í samráði við sýslunefndir, en þeir taka laun sín að hálfu hjá sýslusjóðum og að hálfu hjá Búnaðarbanka Íslands.

Um 69. gr.

Greinin felur í sér alger nýmæli. Til þessa hefur Teiknistofan látið af hendi teikningar og aðra þjónustu við bændur endurgjaldslaust. Þó að gjald þetta sé lágt, getur sjóðurinn haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að styrkja nýjungar og tilraunir við gerð og fyrirkomulag bygginga í sveitum. Ætla má, að setja verði sjóðnum reglugerð.

Um 70. gr.

Með grein þessari er gert ráð fyrir, að kveðið sé á um menntun forstöðumanns Byggingastofnunarinnar, og sé hann arkitekt eða hafi aðra hliðstæða menntun. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu á greininni að ræða.

Um 71. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um XIII. KAFLA

Um 72. gr.

Í grein þessa eru tekin þau efnisatriði, sem virðast skipta máli, úr 65. gr. laga nr. 75/1962.

Um 73. gr.

Lagt er til, að byggingafulltrúar fylgist með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, í stað landnámsnefnda. Að öðru leyti er greinin nánast óbreytt frá gildandi lögum.

Um 74. gr.

Greinin er nokkuð stytta frá því, sem er í 67. gr. gildandi laga, en um efnisbreytingar er naumast að ræða.

Um XIV. KAFLA

Um 75.—77. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá því, er segir í 79.—81. gr. laga nr. 75/1962.

Um 78. gr.

Lagt er til, að heimilað sé að greiða framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971. Mun auðveldara er að mæla við, hvenær úttekt fer fram, heldur en t. d. hvenær verk er unnið eða umsóknir berast.

Um 79. gr.

Gildistaka laganna þegar í stað leggur ekki auknar kvaðir á ríkissjóð á árinu 1971, því að tekið er fram í frumvarpinu, að samkvæmt því, sem þar er gert ráð fyrir, greiði ríkissjóður í fyrsta sinn til Landnáms ríkisins árið 1972.